



Endurmenntun Háskóla Íslands er í afgerandi forystuhlutverki á sviði sí- og endurmenntunar á Íslandi. Þar starfar samhentur hópur fólks að því að efla hæfni og getu viðskiptavina í starfi og einkalífi. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.



## Viðskiptastjóri

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir mikilli samstarfshæfni, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í sibreytilegu og spennandi umhverfi og er tilbúinn að takast á við krefjandi starf. Viðskiptastjóri vinnur í teymi með öðrum starfsmönnum Endurmenntunar og heyrir undir markaðs- og kynningarstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu nauðsynleg
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í teymi
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Sala og þarfagreining
- Stýring viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina
- Umsjón með sérsniðnum námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir



### Upplýsingar veitir:

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



## Kraftmikill stjórnandi innkaupadeildar

Distica óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga sem deildarstjóra innkaupadeildar. Við leitum að dugmiklum einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, yfirsýn og áhuga á að reka öfluga deild sem annast birgðastýringu og þjónustu fyrir marga af stærstu lyfjaframleiðendum heims. Deildarstjórinn er hluti af öflugum stjórnendahópi félagsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra Distica.

### ■ HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum innkaupadeildar
- Ábyrgð á vörustjórnunarferli Distica
- Verkefnastýring og framkvæmd umbótaverkefna
- Fagleg ábyrgð á sérhæfðum tölvukerfum
- Samskipti og samningar við innri og ytri viðskiptavini
- Gerð og ábyrgð á rekstraráætlunum
- Skipulag innkaupadeildar og stefnumótun til framtíðar
- Faglegur leiðtogi innkaupadeildar

### ■ MENNTUN OG REYNSLA

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnun og sambærilegum störfum
- Afburða hæfni í samskiptum og stjórnun starfsmanna
- Góð færni í notkun upplýsingakerfa
- Reynsla af verkefnastjórnun

Umsóknarfrestur er til og með **7. júní nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið í gegnum ráðningarvef á heimasíðu Distica ([www.distica.is](http://www.distica.is)).

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

• GYLFI ÞÓR RÚTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI  
☎ 665 7514 | [gylfi@distica.is](mailto:gylfi@distica.is)

• VILBORG GUNNARSDÓTTIR, MANNAUÐSSTJÓRI  
☎ 824 7136 | [vilborg@distica.is](mailto:vilborg@distica.is)





Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna með yfir 18.000 virka sjóðfélaga.

Sjóðurinn tók formlega til starfa 1. desember 2016 en hann varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á [www.birta.is](http://www.birta.is)

## Starfsmaður í móttöku

Birta lífeyrissjóður óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku sjóðsins.

### Helstu verkefni:

- Móttaka gesta
- Símsvörur
- Umsjón póstmála
- Skjalavarsla, skönnun og flokkun
- Undirbúningur funda

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir ([bylgja@intellecta.is](mailto:bylgja@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

**Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 600 milljörðum króna. Um 50 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 15 þúsund. Á skrifstofu sjóðsins starfa 40 manns.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans [www.live.is](http://www.live.is)

## Sérfræðingur í lífeyrisdeild

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða starfskraft til starfa í lífeyrisdeild sjóðsins.

Helstu verkefni eru þjónusta við sjóðfélaga varðandi upplýsingagjöf og ráðgjöf um lífeyrismál, öflun og skráning gagna sem og úrskurður lífeyris. Um fullt starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf um lífeyrismál til sjóðfélaga
- Úrskurður lífeyris
- Öflun og skráning gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Samvirkusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Rík þjónustulund

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Bylgja Björk Pálsdóttir ([bylgja@intellecta.is](mailto:bylgja@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

**Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

intellecta

Rio Tinto

## Verkfræðingur / Tæknifræðingur

RioTinto

Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing á vélasviði til að sinna fjölbreyttum störfum í viðhaldsmálum fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

**5. júní**

### Starfssvið

- Gerð verklýsinga fyrir viðhaldsverkefni og uppfærsla gagna eftir breytingar.
- Gerð og uppfærsla viðhaldsáætlana.
- Undirbúningur og verkefnastjórnun viðhaldsverkefna.
- Skipulagning viðhaldsverka.
- Samskipti við framleiðsludeildir.
- Ástands- og bilanagreining á framleiðslubúnaði.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/5134**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræði próf á vélasviði.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð kunnátta í ensku og almenn tölvuþekking æskileg.
- Þekking á CAD forritum svo sem Autocad og Solidworks góður kostur.

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

# Deloitte.

## Vilt þú starfa í leiðandi fjármálaráðgjöf í alþjóðlegu umhverfi?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum sérfræðingum í hópinn okkar.

### Verkefnastjóri

Fjármálaráðgjöf Deloitte leitar að verkefnastjóra sem mun bera ábyrgð á daglegri stjórnun einstakra verkefna, undir handleiðslu reyndra ráðgjafa í stjórnendateymi fjármálaráðgjafa. Verkefnastjóri mun meðal annars sinna faglegri gæðastýringu, samskiptum við viðskiptavinum og þjálfun þeirra sérfræðinga sem vinna að verkefnum undir verkefnastjóra.

### Sérfræðingur

Fjármálaráðgjöf Deloitte leitar af útskrifuðum meistaranemum til að bætast í hóp öflugra ráðgjafa. Fjármálaráðgjafar Deloitte vinna náið með fyrirtækjum að úrlausn krefjandi verkefna. Unnið er í verkefnateymum undir handleiðslu verkefnastjóra og reyndra ráðgjafa. Nýr sérfræðingur þarf að vera tilbúinn til að sækja þjálfun erlendis í 6 mánuði í kjölfar ráðningar.

Nánari starfslýsingar og hæfniskröfur eru að finna á heimasíðu okkar [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is) fyrir **11. júní**.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorlaksdóttir, mannauðsstjóri, [harpa.thorlaksdottir@deloitte.is](mailto:harpa.thorlaksdottir@deloitte.is)





Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

## Matreiðslumenn

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir að ráða matreiðslumann

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega eða eftir samkomulagi

Upplýsingar gefur: **Kristín Sigurbórsdóttir**, mannauðsstjóri í síma **560-4107**

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið: [kristinsig@sunnuhlid.is](mailto:kristinsig@sunnuhlid.is)

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175



### Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra byggingarsvæði. Æskilegt er að viðkomandi sé iðnmeistari eða með tæknimentun og reynslu af stjórnun vinnusvæðis.

### Verkstjóri

Við leitum að duglegum einstaklingi til vinna við verstjórn á byggingarsvæði. Farið er fram á reynslu af verkstjórn í byggingarvinnu.

### Smiðir

Leitum að duglegum smiðum til margskonar verkefna í mælingu. Næg verkefni.

Upplýsingar veitir Reynir í síma 696 0199.

**Eldisstöðin Íspór ehf** framleiðir laxaseiði sem sett er í sjó við strendur Íslands. Félagið er í jafnri eigu Fiskeldis Austfjarða hf. og Arnarlax hf. Í eldisstöð félagsins í Þorlákshöfn eru framleiddar árlega um þrjár milljónir seiða en áætlanir eru uppi um verulega stækkun á stöðinni samhliða auknu laxeldi á Íslandi.

## Rekstrarstjóri

Eldisstöðin Íspór ehf. í Þorlákshöfn leitar að rekstrarstjóra fyrir félagið. Leitað er að kraftmiklum stjórnanda sem bera mun ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og framtíðaruppbyggingu.

#### Starfslýsing:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri félagsins
- Fjármála- og starfsmannastjórn félagsins
- Áætlanagerð þ.m.t. fjárhagsáætlanir og einnig eftirfylgni með áætlunum
- Regluleg skýrslugjöf til stjórnar
- Yfirumsjón með framtíðaruppbyggingu stöðvarinnar og reglulegu viðhaldi

#### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og/eða reynsla af fiskeldi kostur
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og búa yfir frumkvæði og áræðni



#### Upplýsingar veitir:

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfærþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sjö stöðum á landinu. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvara.

## Sölumaður

Ísfell leitar að öflugum sölumanni á vinnufatnaði og rekstrarvörum.

#### Helstu verkefni:

- Sala á vinnufatnaði, öryggisskóm og tengdum vörum
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda við viðskiptavini fyrirtækisins
- Innkaup í samvinnu við innkaupastjóra
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Gerð kynningar- og markaðsefnis í samráði við sölu- og markaðsstjóra
- Söluferðir og heimsóknir til viðskiptavina

#### Menntun- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Menntun með áherslu á sölu- og markaðsfræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, danska er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi



#### Upplýsingar veitir:

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



# Fjárhagslegar áhættugreiningar



Reykjavíkurborg

## Leitum að deildarstjóra og sérfræðingi með mikla greiningarhæfni og færni í stærðfræði og tölfræði

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða áhugasama og metnaðarfulla einstaklinga í störf deildarstjóra og sérfræðings í áhættumatsdeild skrifstofunnar. Um er að ræða litla deild sem gegnir mikilvægu hlutverki við úrlausn fjölbreyttra og krefjandi greiningarverkefna sem varða fjárhagslega hagsmuni borgarinnar og borgarbúa. Samstæða Reykjavíkurborgar veitir rúmlega 155 milljörðum árlega og stærð efnahagsreiknings er rúmlega 535 milljarðar króna.

Áhættumatsdeild ber ábyrgð á fjárhagslegum áhættugreiningum m.a. á tillögum, verkefnum, skuldbindingum og lagafrumvörpum sem geta haft veruleg áhrif á fjárhag borgarinnar og fyrirtækja hennar, þ.m.t. Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Félagsbústaða hf. Deildin ber jafnframt ábyrgð á þróun aðferða við mat á fjárhagslegum áhættum borgarsjóðs (A-hluta borgarinnar) og tekur ríkan þátt í stefnumótun um fjármálastjórn og fjárhagslega áhættustýringu borgarsjóðs.

Starf deildarstjóra felur í sér mannaforráð yfir tveimur starfsmönnum en lögð er áhersla á að viðkomandi sé faglega sterkur og taki virkan þátt í úrlausn verkefna deildarinnar.

## Deildarstjóri

### Hæfniskröfur:

- Sterk rökhugsun og greiningarhæfni og færni til að hafa yfirsýn yfir flókin og viðamikil verkefni
- Góð þekking á stærðfræði og tölfræði og haldgóð reynsla af stærðfræðilegri líkanagerð eða greiningarvinnu úr námi eða starfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði hagfræði, fjármála eða verkfræði
- Reynsla af starfi tengdu stærðfræðilegum eða hagfræðilegum greiningum, fjármálum fyrirtækja og/eða fjárhagslegri áhættustýringu er æskileg
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð, atorka og frumkvæði
- Mikil færni í íslensku og ensku, sér í lagi ritfærni á íslensku, og hæfileiki að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Örugg framkoma
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Þekking á forritun og gagnagrunnum er kostur

## Sérfræðingur

### Hæfniskröfur:

- Sterk rökhugsun og greiningarhæfni og færni til að hafa yfirsýn yfir flókin og viðamikil verkefni
- Góð þekking á stærðfræði og tölfræði og haldgóð reynsla af stærðfræðilegri líkanagerð eða greiningarvinnu úr námi eða starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði hagfræði, fjármála eða verkfræði
- Framhaldsmenntun eða starfsreynsla er æskileg
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð, atorka og frumkvæði
- Mikil færni í íslensku og ensku, sér í lagi ritfærni á íslensku, og hæfileiki að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Þekking á forritun og gagnagrunnum er kostur



### Nánari upplýsingar veitir:

Sveina Berglind Jónsdóttir, sveina@hagvangur.is

### Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Æskilegt er að viðkomandi einstaklingar geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef staðan losnar á ný.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Við ráðningar í störf hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.



# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Staða leikskólastjóra við leikskólann Araklett á Patreksfirði er laus til umsóknar.

Vesturbyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu leikskólastjóra hjá leikskólanum Arakletti á Patreksfirði, sem er þriggja deilda leikskóli, fyrir um 50 börn, sjá nánar <http://www.araklettur.is>

Á verksviði leikskólastjóra eru; stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, starfsmannahaldi, fjárhagsáætlanagerð og rekstri. Leikskólastjóri ber ábyrgð á faglegri forystu í vinnu með starfsfólki að markmiðum leikskólans. Lögð er áhersla á öflugt og gott samstarf og samráð við foreldrafélag leikskólans og fræðsluráð sveitarfélagsins. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Leikskólinn Araklettur starfar samkvæmt gildum Lífsmenntar og lauk þróunarverkefni í Lífsmennt árið 2016. Hann er einnig Sólblómaleikskóli, Heilsueflandi leikskóli og tekur þátt í Vin-áttuverkefni Barnaheilla, auk þess að vera leikskóli á Grænni grein. Unnið er eftir skólastefnu Vesturbyggðar frá 2014 og Uppbyggingarstefnu sem samræmd er í öllu skólastarfi í Vesturbyggð.

Umsækjandi skal hafa starfsheitið leikskólakennari og við-bótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi. Við leitum að einstaklingi með framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og jákvæð lífsviðhorf, auk skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis og fagmennsku í vinnubrögðum. Stjórnunarreynsla og reynsla af starfsmannahaldi er æskileg.

Launakjör verða skv. kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júní.**

Nánari upplýsingar veitir Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, bæjarstjóri@vesturbyggd.is eða í síma 450-2300

Vesturbyggð er tæplega 1100 manna samfélag í mikilli sókn. Þar eru tveir þéttbýliskjarnar, Patreksfjörður er stærstur með 700 íbúa og svo Bíldudalur með 220 íbúa. Í kring er blómlegt dreifbýli með öflugum landbúnaði og ferðaþjónustu. Um 5 tíma akstur er til Reykjavíkur og þá gengur ferjan Baldur árið um kring milli Stykkishólms og Brjáns-lækjar. Áætluarflug er frá Bíldudal.

Öll almenn þjónusta svo sem leik- grunn og tónskóli, heilsugæsla ásamt frábærri aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar er á staðnum.



## Verkefnastjóri teiknistofu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða drifandi einstakling í fjölbreytt starf, með áherslu á gerð mælibleða og viðhalds teiknigrunna, auk annarra verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni eru:**

- Gerð og viðhald mælibleða.
- Umferðaröryggismál og slysaskráning
- Umsjón og viðhalds teiknigrunna og korta (Akureyrargrunnur)
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Gerð krafa um háskólamenntun í byggingartækni-, byggingariðn- eða byggingarverkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta þekking og reynsla af teikniforritum s.s. Microstation, Excel.
- Þekking á One system er kostur.
- Þekking og reynsla af mælingartækjum eins og GPS og alstöð og þeim hugbúnaði er þeim fylgir er kostur.
- Hæfni til skipulagningar, nýsköpunar og innleiðingar nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt einu Norðurlandamáli.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og samvirkusemi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017**



Akureyrarbær · Geistagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### KENNSLURÁÐGJAFI

Helstu verkefni eru gerð kennslugagna, skipulagning náms flugleiðsögusviðs, aðstoð við kennara deildarinnar og kennsla.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, t.d. kennaramenntun
- Reynsla af kennslu og gerð námsefnis er nauðsynleg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Reynsla sem tengist flugi er kostur

### HERMAFLUGMAÐUR

Hermaflugmaður sinnir verkefnum í flughermi, æfingagerð, veitir aðstoð með tækjabúnað og tekur þátt í þjálfun starfsmanna flugleiðsögusviðs.

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla sem tengist flugi er kostur

Nánari upplýsingar um störf veitir Gunnlaugur Guðmundsson, deildarstjóri þjálfunar og ATS Verklags, [gunnlaugur.gudmundsson@isavia.is](mailto:gunnlaugur.gudmundsson@isavia.is).



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.



Hringur er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:  
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:  
5. JÚNÍ 2017

UMSÓKNIR:  
ISAVIA.IS/ATVINNA



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar frá og með 1. ágúst 2017

- Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi
- Afleysing í umsjónarkennslu á yngsta stigi til 1. mars 2018 vegna fæðingarorlofs
- Íslenskukennsla á unglingastigi, tímabundin afleysing til eins árs
- Enskukennsla á unglingastigi, afleysing til áramóta vegna fæðingarorlofs
- Dönskukennsla í unglingadeild, 50 – 60% ráðning

Frekari upplýsingar um störf er að finna á [www.mos.is](http://www.mos.is) Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir, með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið [johannam@lagafellsskoli.is](mailto:johannam@lagafellsskoli.is)

Umsóknarfrestur um stöðurnar framlengist til 9. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær  
Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



## BYGG býður þér til starfa

BÚUM  
BETUR



### Píparar

Framtíðarstarf, öll vinna við nýlagnir Atvinnuhúsnæði og Íbúðabyggingar. Mikil mælingavinna framundan. Upplýsingar veitir Ólafur S:693-7325 [olafur@bygg.is](mailto:olafur@bygg.is)


### Vörubílstjóra

Vantar vana vörubílstjóra í vinnu. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000 [guðjon@bygg.is](mailto:guðjon@bygg.is)

[www.bygg.is](http://www.bygg.is)

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförmum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



## ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

### UX HÖNNUÐUR FYRIR INNOVA

Marel leitar að öflugum einstaklingi í starf hönnuðar notendaviðmóts (User Experience Designer). Viðkomandi mun bera ábyrgð á notendamiðaðri hönnun næstu kynslóðar Innova framleiðsluhugbúnaðarins frá Marel. Einstaklingurinn þarf að búa yfir áhuga og þekkingu til að hanna notendaviðmót á heimsmælikvarða. Starfið felur í sér náð samstarf við þróunarteymi fyrirtækisins á Íslandi, Hollandi og í Danmörku. Innova hugbúnaðurinn er notaður af yfir 1600 matvælaframleiðendum um allan heim. Nánari upplýsingar um hugbúnaðinn má finna á [marel.com/innova](http://marel.com/innova).

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu Marel, [marel.is/störf](http://marel.is/störf). Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017. Sækja þarf um rafrænt á [marel.is/störf](http://marel.is/störf).

#### Starfssvið:

- Ábyrgð á hönnun notendaviðmóts Innova.
- Gerð hönnunarleiðbeininga í samvinnu við notendur og þróunarteymi.
- Þjálfun þróunarteyma í notkun hönnunarleiðbeininga í daglegu starfi og aðstoð við rétta útfærslu notendaviðmóta.
- Ábyrgð á hönnunarverkefnum sem unnin eru af verkþökum.
- Samstarf við markaðssvið og tækjapróunarhópa við heildarsamræmingu á notendaupplifun.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsuefningu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttastöðu.





Alþjóðaskólinn á Íslandi (The International School of Iceland) er öflugur og vaxandi alþjóðlegur grunnskóli sem staðsettur hefur verið í Garðabæ frá árinu 2006. Skólinn á rætur sínar að rekja til bandaríska sendiráðsskólans en varð alþjóðlegur skóli árið 2004. Skólinn býður upp á tvítyngda námsbraut samhliða enskri námsbraut fyrir nemendur í 5 ára bekk og upp í 10. bekk. Skólinn hefur nýlokið ströngu alþjóðlegu faggildingarferli.

## Gæði í kennslu – Gjöfult nám – Gleði í starfi

Við leitum að metnaðarfullum íslenskukennara til að bætast í okkar hóp og taka þátt í skemmtilegu og spennandi uppbyggingarstarfi með grunnskólabörnum frá öllum heimshornum.

### Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi
- Góð reynsla af að vinna með börnum
- Íslenska sem móðurmál
- Fagmennska, sveigjanleiki, stundvísi og heiðarleiki
- Vinnur vel í teymi

### Við bjóðum:

- Tækifæri til að taka þátt í öflugum frumkvöðlastarfi
- Krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu okkar: [www.internationalschool.is](http://www.internationalschool.is)

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá til Hönnu Hilmarsdóttur skólastjóra á netfangið [hanna@internationalschool.is](mailto:hanna@internationalschool.is), eigi síðar en föstudaginn 2. júní 2017.



## FINANCIAL ASSISTANT GJALDKERI / BÓKHALD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Gjaldkera/Bókhald lausa til umsóknar.

**Umsóknarfrestur er til 2 júní, 2017.**

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:  
<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Financial Assistant.

**The closing date for this position is June 2, 2017.**

Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:  
<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to:  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)



Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi

# Við leitum að kraftmiklum og framsæknum fjármálastjóra

Sjávarútvegur er öflug þekkingargrein og innan hennar er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytta reynslu, menntun og bakgrunn. Forsenda þess að sjávarútvegur megi eflast og þróast er að Íslendingar þekki þessa fjölbættu atvinnugrein og þau tækifæri sem sjávarútvegur býður upp á.

### Helstu verkefni

- Daglegur rekstur skrifstofu
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum
- Regluleg skýrslugerð til framkvæmdastjóra og stjórnar
- Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Aðstoð við fjármálatengd verkefni og hagsmunamál atvinnugreinarinnar
- Umsjón með launagreiðslum
- Kostnaðareftirlit

### Menntun og hæfni

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða reksturs skilyrði
- Haldgóð reynsla af sambærilegum verkefnum
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð
- Hæfni til að greina, setja fram og miðla fjármálaupplýsingum á skýran hátt
- Mjög góð samskipta- og samvinnufærni
- Góð tölvukunnátta, þ.á.m. mjög góð þekking og færni í notkun á Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknir skulu berast í gegnum vef SFS, [www.sfs.is](http://www.sfs.is), ásamt ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, í síma 591 0300.

Nánari upplýsingar um starfsemi SFS má nálgast á [www.sfs.is](http://www.sfs.is).





## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða kennara á elsta stigi frá og með næsta hausti. Meðal kennslugreina eru stærðfræði og upplýsingatækni.

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.


Í skólanum eru um 650 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólafarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans:  
<http://www.sunnulaekjarskoli.is>

**Umsóknarfrestur er til 1. júní 2017** en ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is) eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



## Raforkuverkfræðingur

Viltu taka þátt í þróun flutningskerfa framtíðarinnar?

ARA Engineering leitar að raforkuverkfræðingi til að vinna að greiningu og hönnun flutningskerfa raforku. Nýútskrifaðir verkfræðingar eru sérstaklega hvattir til þess að sækja um.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- BSc/MSc í rafmagnstæknifræði/rafmagnsverkfræði/eðlisfræði
- Áhuga á að tileinka sér nýja þekkingu, miðla henni og leysa krefjandi verkefni
- Þekking af raforkugreiningarhugbúnaði og forritun er kostur

## ARA Engineering

ARA er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki með starfstöðvar á Íslandi, í Noregi, í Póllandi og í Kanada og er sérhæft í raforkuflutningsmannvirkjum og raforkukerfum. Verkefni ARA eru meðal annars hönnunareftirliti vegna 550 km, 500 kV flutningslína í Malasíu, hönnun 400 kV jarð- og sæstrengja í Noregi og hönnun háspennulína í Ghana og Tansaníu í Afríku.

ARA leggur áherslu á jafnrétti og eru konur 66% stjórnenda fyrirtækisins. Í boði er sveigjanlegur vinnutími, góð laun og umhyggja fyrir heilsu og fjölskyldu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Þorleiksson í síma 820 5915. Netfang: [johannes@araengineering.is](mailto:johannes@araengineering.is)

Umsóknir sendist á netfangið: [birna@araengineering.is](mailto:birna@araengineering.is) fyrir 17. júní.

ARA Engineering ehf, Hlíðarsmára 4, 210 Kópavogi



## HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU?

Munck Íslandi ehf. er ungt og framsækið fyrirtæki á verktakamarkaði sem býður upp á spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er byggt upp af miklum eldmóð og fagmennsku.

Munck Íslandi var stofnað í október 2013 og er dótturfélag danska félagsins Munck Gruppen AS. Markmið Munck Íslandi er að vera leiðandi verktakafyrirtæki á Íslandi.

### > Sækja um

Nánari upplýsingar um störfin veitir Mannauðsdeild Munck Íslandi, í gegnum tölvupóst: [hr@munck.is](mailto:hr@munck.is)

Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu: [www.munck.is](http://www.munck.is) - fyrir 12. júní 2017.

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

### > Staðarstjóri / Verkefnastjóri

Hæfniskröfur eru m.a.

- > B.Sc. eða M.Sc próf í byggingaverkfræði/byggingatæknifræði
- > Haldbær reynsla af verkefnastjórnun á byggingavinnustað
- > Gott vald á íslensku og ensku

### > Trésmíðaverkstjóri

Hæfniskröfur eru m.a.

- > Sveinspróf í trésmíði
- > A.m.k. 5 ára reynsla af trésmíðavinnu
- > Haldbær reynsla af verkstjórn
- > Gott vald á íslensku og ensku

### > Verkfræðingur/Tæknifræðingur

Hæfniskröfur eru m.a.

- > B.Sc eða M.Sc. próf í byggingaverkfræði/byggingatæknifræði
- > Reynsla af störfum á sviði verkfræði eða tæknifræði
- > Gott vald á íslensku og ensku

Munck Íslandi  
Hlíðasmára 4 · Kópavgur · Iceland  
[munck@munck.is](mailto:munck@munck.is)  
Sími +354 511 7040  
[www.munck.is](http://www.munck.is)

**MUNCK**  
ÍSLANDI 



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framhaldsskólakennari, enska	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201705/973
Stuðningsfulltrúi	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201705/972
Sjúkraliði	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/971
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/970
Starfsmaður í ræstingu og búi	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/969
Lektor/dósent/prófessor í sálfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201705/968
Sérfræðingur í lyfjagæði	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201705/967
Skjalastjóri	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201705/966
Deildarstjóri launadeildar	Landspítali	Reykjavík	201705/965
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, skilunardeild	Reykjavík	201705/964
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, geðlækningar	Reykjavík	201705/963
Félagsráðgjafi	Heilsugæslan, Proska- og hegðunarst.	Reykjavík	201705/962
Sálfræðingur	Heilsugæslan, Proska- og hegðunarst.	Reykjavík	201705/961
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan, Geðheilsust. Breiðholts	Reykjavík	201705/960
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Seltjarnarn./Vesturbæ	Reykjavík	201705/959
Yfirhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201705/958
Starfsmaður við svepparannsóknir	Náttúrufræðistofnun Íslands	Akureyri	201705/957
Sérfræðingur í sameindafræði	Náttúrufræðistofnun Íslands	Akureyri	201705/956
Framhaldsskólakennarar	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201705/955
Sérfræðilæknir	Landspítali, móttökugeðdeild	Reykjavík	201705/954
Sjúkraliði	Landspítali, kvenlækningadeild	Reykjavík	201705/953
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, kvenlækningadeild	Reykjavík	201705/952
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201705/951
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, öldrunarteymi	Reykjavík	201705/950
Sérfr. í fjármálum og rekstri	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Reykjavík	201705/949
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201705/948
Verkefnastjóri	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201705/947
Gæðastjóri	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201705/946



BORGARBYGGÐ

## Leikskólakennari óskast á leikskólann Hnoðraból í Reykholtssdal

Leikskólinn Hnoðraból er tveggja deilda leikskóli staðsettur í fallegu umhverfi sem starfar eftir hugmyndafræðinni Leiðtoginn í mér. Þar dvelja að jafnaði 21 börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára.

Óskað er eftir leikskólakennara sem getur hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun leikskóla barna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður
- Góð íslenskukunnátta

Ef ekki fæst leikskólakennari í stöfin kemur til greina að ráða starfsmenn með háskólapróf eða aðra uppeldismentun og / eða reynslu.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017

Umsóknir skulu sendar rafrænt á [sjofn@borgarbyggd.is](mailto:sjofn@borgarbyggd.is)

Nánari upplýsingar veitir Sjöfn G.Vilhjálmssdóttir leikskólastjóri í síma 433-7180 eða 862-0064, eða í tölvupósti, [sjofn@borgarbyggd.is](mailto:sjofn@borgarbyggd.is)



Leikskólinn Hnoðraból  
Lífð er yndislegt með sól í hjarta



# Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

**VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Eflingu leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð í Reykjavík. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.**

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélag og atvinnurekendur

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti



Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélagum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um Eflingu er að finna á [efling.is](http://efling.is) og um VIRK á [virk.is](http://virk.is).

### Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson, [leifurgeir@hagvangur.is](mailto:leifurgeir@hagvangur.is)  
Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).  
Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2017.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.



## RAFVIRKI ÓSKAST

Meitill - GT Tækni ehf. - Grundartanga óskar eftir að ráða rafvirkja í vinnu.

### Starfssvið / Helstu verkefni

- Almenn rafvirkjastörf
- Ýmis verkefni tengd verksmiðjuviðhaldi

Með umsóknir og fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Friðrik Veigar í síma 842 6430. Tekið er á móti umsóknum á [meitill@meitill.is](mailto:meitill@meitill.is)



Meitill - GT Tækni ehf. • Grundartanga 301 Akranes • [www.meitill.is](http://www.meitill.is)

## IDEX

### Söluráðgjafi

Fyrirtæki í sölu til byggingarverktaka óskar eftir að ráða öflugan sölumann

#### Starfssvið:

- Sala og heimsóknir til núverandi og verðandi viðskiptavina fyrirtækisins.

#### Hæfniskröfur:

- Sölumannshæfileikar
- Rík þjónustulund og framúrskarandi mannleg samskipti
- Metnaður til að ná árangri
- Nákvæmni og hugkvæni
- Reynsla í sölumennsku og þekking á byggingum nauðsynleg.

Umsóknum skal skilað með tölvupósti til [idx@idx.is](mailto:idx@idx.is)



### Flóaskóli auglýsir kennarastöður

Flóaskóli er fámennur skóli með um hundrað nemendum, þar sem velferð og líðan nemenda er sett í forgrunn og lögg er áhersla á einstaklingsmiðað nám. Flóaskóli vinnur eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga og eftir Olweusaráætlun gegn einelti. Nám í skólanum einkennist af teymiskennslu.

Sjö kennara vantar í fullar stöður. Um er að ræða umsjónarkennara á yngsta-, mið- og unglingastigi og íslensku-, stærðfræði- og tungumálakennara á mið- og unglingastigi, auk sérkennslu. Einnig vantar kennara í heimilisfræði, sviðslistum og hönnun og smíði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og LS.

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmælendur og sakavottorði.

Mikilvægt er að umsækjendur hafi áhuga á að starfa með börnum, búi yfir færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði í starfi, jákvæðni, sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum og séu tilbúnir að vinna eftir stefnu og gildum skólans, sjá heimasíðu <http://www.floaskoli.is/>

Í samræmi við jafnréttisstefnu Flóahrepps eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Ósk Þráinsdóttir skólastjóri í síma 486 3460 netfang: [katrin@floaskoli.is](mailto:katrin@floaskoli.is)



HRAFNISTA KÓPAVOGI

## Viltu vinna með okkur?

Óskum eftir að ráða **deildarstjóra fyrir dagdvöl** Hrafnistu Kópavogi. Um 80% stöðu er að ræða. Æskilegt er að umsækjandi sé sjúkralíði eða félagsliði. Um 30 einstaklingar nýta sér þjónustu dagdvalarinnar á hverjum degi.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun og félagsstarfi æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni
- Góð samskipta- og samstarfshæfni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarney Sigurðardóttir forstöðumaður Hrafnistu í Kópavogi, [bjarney.sigurdardottir@hrafnista.is](mailto:bjarney.sigurdardottir@hrafnista.is). S: 664-9555

Sótt er um starfið hjá Fast ráðningum, [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

Umsóknarfrestur er til og með 06.06.17.



## ERT ÞÚ ÞESSI STARFSMAÐUR Á LYFTARA SEM VIÐ LEITUM AÐ?

FAGMENNASKA  
DUGNAÐUR  
LIPURÐ  
TRAUST

BYKO vöruhús Kjarlövogi leitar eftir starfsmönnum með reynslu á lyftara í kvöldvinnu.

Leitað er að stundvísam og öflugum aðilum, 20 ára eða eldri með lyftarapróf. Tölvukunnátta er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 2. júní en umsækjendur þurfa að geta hafið störf strax.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Einarsson [adalsteinn@byko.is](mailto:adalsteinn@byko.is) og í síma 821-4060.

Sótt er um á [www.byko.is](http://www.byko.is)



byko.is

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



## AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Laus er staða aðstoðarskólustjóra við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem fram fer fjölbreytt og metnaðarfull tónlistarkennsla á öllum námsstigum. Nemendur skólans eru um 600 og kennarar um 50. Skólinn er þekktur fyrir góðan árangur og hefur yfir að ráða reyndu starfslíði. Við skólann er starfræktur rytmiskur skóli - Tónkvísl sem hefur aðsetur í Íþróttahúsinu við Gamla Lækjarskólann.

Aðstoðarskólustjóri þarf að vera reiðubúinn til þess að taka þátt í að móta skólasamfélag Hafnarfjarðar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólustjóra.

Upplýsingar og umsóknarform á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnarsson, skólustjóri [gunngun@tonhaf.is](mailto:gunngun@tonhaf.is)

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



### Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hljóðfæraleik/tónlist
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar æskileg
- Reynsla af stjórnun og þróunarstarfi í tónlistarskóla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum
- Metnaður og hugmyndaauðgi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.

## Prif

Óska eftir að ráða starfmann við þrif á bílum, verkstæðinu, skrifstofum og önnur tilfallandi verkefnum

Umsóknir sendast á [bilaretting@bilaretting.is](mailto:bilaretting@bilaretting.is)



**BÍLARÉTTING  
& SPRAUTUN  
SÆVARS**

Skútvogi 12 H



## Sérfræðingur í sameindafræði við svepparannsóknir

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í sameindafræði við svepparannsóknir, einkum á myglusveppum innanhúss, við stofnunina á Akureyri þar sem starfsþjálfun fer fram.

### Starfið felur í sér:

- Rannsóknir og greiningar á smásjármyndum af myglusveppum úr byggingum
- Þróun á sameindafræðilegum aðferðum til greiningar á myglusveppum

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í líffræði, líftækni eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af sameindafræðilegum rannsóknum nauðsynleg
- Reynsla af vinnu með smásjá æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Guðmundsson, forstöðumaður Safna- og flokkunarfræðideildar ([gg@ni.is](mailto:gg@ni.is)), í síma 590 0500. Umsókn, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið [nia@ni.is](mailto:nia@ni.is) eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Akureyrarsetur, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

## Starfsmaður við svepparannsóknir

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða starfsmann við svepparannsóknir, einkum á myglusveppum innanhúss. Starfsþjálfun fer fram Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi verði á Akureyri, en stofnunin er einnig með aðsetur í Garðabæ.

### Starfið felur í sér:

- Rannsóknir og greiningar á sýnum af myglusveppum úr byggingum

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í líffræði, líftækni eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af vinnu með smásjá æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Guðmundsson, forstöðumaður Safna- og flokkunarfræðideildar ([gg@ni.is](mailto:gg@ni.is)), í síma 590 0500. Umsókn, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið [nia@ni.is](mailto:nia@ni.is) eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Akureyrarsetur, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.



**JOHAN  
RÖNNUNG**  
[www.ronning.is](http://www.ronning.is)



Fyrirmyndarfyrirtæki VR 7 ár í röð



# Er kraftur í þér?

## Starfsmaður í þjónustudeild

Johan Rönnung óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann í þjónustudeild fyrirtækisins að Klettagöðum 25, Reykjavík. Þjónustudeild sér um alla umsýslu á vörum félagsins gagnvart viðskiptavinum og útibúum. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

### Hæfniskröfur:

- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lyftararéttindi kostur

### Starfið felst í:

- Tiltekt og frágangi á þöntunum
- Samskiptum við viðskiptavini
- Öðrum tilfallandi störfum innan þjónustudeildar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar veitir Svanur Karlsson þjónustustjóri í síma 5200 800

eða [svanur.karlsson@ronning.is](mailto:svanur.karlsson@ronning.is).

Umsóknum skal skilað fyrir 9. júní.

Johan Rönnung hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra Vinnuföt og Efnissölu G.E. Jóhannssonar. Hjá félaginu starfa 95 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagöðum 25 í Reykjavík. Johan Rönnung hf. er göður og eftirsóttur vinnustaður.





BORGARBYGGÐ

## Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar

Félagsþjónusta Borgarbyggðar auglýsir lausa stöðu félagsráðgjafa. Um er að ræða 100% starf.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Greining og meðferð barnaverndarmála
- Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð
- Þjónusta og ráðgjöf við fólk með fötlun
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu
- Forvarnarstarf og fræðsla

### Menntun og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi sem félagsráðgjafi
- Reynsla á sviði barnaverndar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til borgarbyggð@borgarbyggd.is fyrir **1. júní 2017**.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Inga Vildís Bjarnadóttir, félagsráðgjafi í síma 433 7100, netfang: vildis@borgarbyggd.is og Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 840 1522, netfang: annamagnea@borgarbyggd.is



MOSFELLSBÆR

## Forstöðumaður í Búsetukjarna

### MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR EFTIR FORSTÖÐUMANNI Í BÚSETUKJARNA

Forstöðumaður búsetukjarna rekur starfsstöðvar fyrir fatlað fólk í samræmi við lög og reglugerðir. Forstöðumaður ber ábyrgð á á búsetukjörnum, íbúðum og velferð þeirra sem þar búa og stuðlar að því að starfsmenn tileinki sér starfshætti í samræmi við það sem best gerist hverju.

Hlutverk fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar er að annast félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna, eldri borgara og fatlaðs fólks, húsnæðismál, aðstoð vegna áfengis- og fíkniefnavanda og vímuvarnir samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi. Ráðning forstöðumanns búsetukjarna er háð samþykki bæjarráðs.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfamenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýttist í starfi er skilyrði, framhaldsmenntun æskileg
- Góð stjórnunar- og rekstrarreynsla er skilyrði
- Þekking á hugmyndafræðinni um þjónandi leiðsögn er æskileg
- Mikil reynsla og þekking á vaktaskýrslugerð er skilyrði
- Þekking og reynsla á Tímon viðverkerfi er skilyrði
- Víðtæk þekking og reynsla á málefnum fatlaðs fólks og á samningi sameinuðu þjóðanna
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar er skilyrði
- Góð alhliða tölvukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi

### Umsóknarfrestur er til og með 07. júní 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Vibeke Þ Þorbjörnsdóttir, deildastjóri búsetu og þjónustudeildar upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

# intellecta

ReSource International (RSI) er vaxandi verkfræði- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfismálum. RSI leitar að umhverfisráðgjafa/auðlindafræðingi til að vinna í rannsóknarverkefnum og þróun á þjónustusviðum fyrirtækisins.

## UMHVERFISRÁÐGJAFI – AUÐLINDAFRÆÐINGUR (60-100%)

### MENNTUN

BS eða MS í verkfræði, umhverfis- og auðlindafræði og/eða sambærilegum greinum.

### HELSTU VERKEFNI

Verkefnastjórnun í rannsóknarverkefni sem snýr að nýtingu fiskúrgangs frá fiskvinnslu í lífeldsneytisframleiðslu • Ráðgjöf vegna úrgangsstjórnunar, mengunarmála og fráveitumála, útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda, umhverfiseftirlit og mælingar • Önnur verkefnaþróun

Frekari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu RSI, [www.resource.is/is/storf](http://www.resource.is/is/storf)

Umsóknarfrestur er til **6. júní 2017**.

## Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á [starfsumsokn@gmail.com](mailto:starfsumsokn@gmail.com).

## Lektorsstaða í íslensku við Humboldt-háskóla í Berlín

Staða lektors í íslensku við Norður-Evrópustofnun Humboldt-háskólans í Berlín er laus til umsóknar.

Um er að ræða 80% stöðu til þriggja ára. Ráðið verður í stöðuna frá 1. október 2017. Laun eru skv. launataxta opinberra starfsmanna í Þýskalandi.

Lektornum er ætlað að kenna íslenskt mál og bókmenntir, 13 tíma á viku á misseri. Þá er honum ætlað að skipuleggja námsferðir stúdenta til Íslands, sinna bókasafns- og stjórnunarstörfum við stofnunina og íslenskri menningarkynningu í Berlín.

Umsækjendur hafi lokið háskólaprófi í íslensku. Þeir hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað mál og eigi íslensku að móðurmáli eða hafi málfærni sem jafngildi því. Æskilegt er að viðkomandi hafi kennt á háskólastigi og unnið að rannsóknum. Þýskukunnátta er nauðsynleg.

Frekari upplýsingar: [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is) og hjá Úlfari Bragasyni í síma 562 6050

Umsóknarfrestur er til **15. júní nk**.

Umsóknir með fylgiskjöllum (starfsferilsskrá, prófskrá og ritaskrá) berist til:

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**  
**Stofa Sigurðar Nordals**  
**Pósthólf 1220**  
**121 Reykjavík**

## EFLA leitar að liðsauka

### Landfræðingur, verk- eða tæknifræðingur

EFLA leitar að öflugum starfsmanni á starfstöð félagsins á Selfossi. Starfið felur í sér vinnu við stafræna kortagrunna, gerð lóðablaða, landskipta- og deiliskipulagsáætlaða auk tilfallandi landmælinga.

Á starfsstöðinni á Selfossi starfa 14 starfsmenn á sviði bygginga og þéttbýlistækni. Náð samstarf er við aðrar starfsstöðvar EFLU sem og Steinsholt ehf. á Hellu. EFLA Suðurland hefur verið leiðandi í á sviði landmælinga og kortagerð í þrívídd með notkun dróna.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði landafræði, verkfræði eða tæknifræði.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af notkun AutoCad Map og Civil 3D, Microstation eða öðrum kortagerðarhugbúnaði æskileg.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf), fyrir 8. júní næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur  
8. júní 2017

Nánari upplýsingar  
412 6000 eða [job@efla.is](mailto:job@efla.is)

Farið verður með allar  
umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfirmi sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍPJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

[talent@talentradning.is](mailto:talent@talentradning.is) / [bryndis@talentradning.is](mailto:bryndis@talentradning.is) - Sími: 552-1600

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Lausar stöður

### hjá grunnskóla Blönduósbæjar

Við Blönduskóla eru lausar til umsóknar kennarastöður frá 1. ágúst 2017. Um er að ræða þrjár stöður umsjónar-kennara á öllum aldurstigum skólans. Almenna kennslu á yngsta- og miðstigi, heimilisfræði, textílmenn og dönsku.

Til afleysinga í eitt skólaár, frá 1. ágúst 2017, er stærðfræði á unglíngastigi og náttúrufræði á mið- og unglíngastigi, í Blönduskóla eru um 130 nemendur í 1. – 10. bekk.

Skólaárið 2017 - 2018 hefst innleiðing nýrrar læsisstefnu og stærðfræðistefnu auk áframhaldandi vinnu við nýtt námsmat. Skólinn er að festa í sessi náms- og kennslu-aðferðir sem tengjast Orð af orði. Á vef skólans [www.blonduskoli.is](http://www.blonduskoli.is) er að finna fréttir úr starfi skólans og ýmsar nauðsynlegar upplýsingar.

### Hæfniskröfur:

- Blönduskóli – Leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í grunnskóla með einstaklingsmiðaðar áherslur.
- Góð samskiptafærni.
- Góð tölvukunnátta.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

Umsóknarfrestur er til **8. júní nk**, og skal umsókn skilað með ferilsskrá á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur, skólastjóra: [thorhalla@blonduskoli.is](mailto:thorhalla@blonduskoli.is) (frekari upplýsingar í síma 452-4147).

**Blönduós er bær í alfaraleið, með allri helstu þjónustu og fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum.**

## Byggingarstjóri viðhaldsdeild

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða Byggingarstjóra í viðhaldi og endurbótum eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

### Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna.
- Gerð viðhaldsáætla.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og þjónustuaðila
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarar á byggingarsviði eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfið.
- Þekking á byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



## Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs

Grúnskóli Grindavíkur auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs frá og með 1. ágúst næstkomandi. Leiðað er að einstaklingum með mikinn metnað, sem sýnt hafa árangur í störfum sínum og leggja áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

### Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:

- Vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grúnskóla og skólastefnu Grindavíkurbæjar.
- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Hafa í samráði við skólastjóra umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutíðingum, starfsþróun og fl.
- Vinna að öflugum samstarfi innan skólasamfélagsins.

### Meginhlutverk deildarstjóra er að:

- Vera millistjórnandi með mannaforráð og bera ábyrgð á skólalífi á skólastigi.
- Fylgjast með nýjungum á sviði kennslu og vera leiðandi í faglegri umræðu.
- Vera í góðum samskiptum við nemendur og foreldra.
- Hafa umsjón með sérúrræðum nemenda í samráði við kennara og aðra stjórnendur.

### Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, sveigjanleiki og viðsýni í starfi og samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Góð tölvukunnátta og færni við skýrslugerð.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og skólaþróunar.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grúnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og menntunarfræða eða kennslureynsla á grúnskólastigi.

Grúnskóli Grindavíkur er heildstæður, einsetinn grúnskóli, með tæplega 500 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grúnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögd áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolin>. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar um störfina veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir væntanlegur skólastjóri í síma 420-1200. Umsóknir um aðstoðarskólastjórastöðu á samt greinargóðri skýrslu um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni viðkomandi, skulu berast Grúnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið [guðbjorgms@grindavik.is](mailto:guðbjorgms@grindavik.is) fyrir 11. júní 2017 og umsóknir um deildarstjórastarfið fyrir 2. júní n.k.



Teikning af nýju, vel tækjum búnu, Volvo atvinnutækjahúsnæði að Hádegismóum 8 í Árbæ.

# VOLVO ATVINNUTÆKI VILJA ÞIG Í HÓPINN NÚNA



Við leitum að snillingum til starfa í nýtt og vel tækjum búðu Volvo atvinnutækjahúsnæði þar sem vinnu- og starfsmannaaðstaða verður framúrskarandi. Húsnæðið er vel staðsett á stóru athafnasvæði að Hádegismóum 8 í Árbæ og verður tilbúið haustið 2017. – **Sæktu um í dag!**

## SÖLURÁÐGJAFI VOLVO ATVINNU- TÆKJAVARAHLUTA

### Stutt lýsing á starfi

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheid

## STARFSMAÐUR Í SMURÞJÓNUSTU Á VOLVO VÖRUBIFREIÐA- VERKSTÆÐI

### Stutt lýsing á starfi

- Vinna við smurþjónustu á vörubifreiðum og hópferðabifreiðum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

### Hæfniskröfur

- Reynsla af þjónustu við bifreiðar
- Menntun á sviðinu er kostur en ekki nauðsyn
- Gilt bílpróf
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheid

## BIFVÉLAVIRKI Á VOLVO VÖRUBIFREIÐA- OG RÚTUVERKSTÆÐI

### Stutt lýsing á starfi

- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

### Hæfniskröfur

- Réttindi í bifrelavirkjun/vélvirkjun eða reynsla af vörubifreiðaviðgerðum
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheid

## VÉLVIRKI Á VOLVO VINNUVÉLA- OG VOLVO PENTA VERKSTÆÐI

### Stutt lýsing á starfi

- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vinnu- og bátavélum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

### Hæfniskröfur

- Réttindi í vélvirkjun/ vélstjórn eða reynsla af atvinnutækjavíðgerðum
- Gilt bílpróf og vinnuvélaréttindi æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheid

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is).

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2017.

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072.

Hringdu núna!



Öruggur staður til að vera á

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar býður heildarlausrir fyrir vöru- og flutningabíla frá Volvo og Renault, hópferðabíla- og strætisvagna frá Volvo Bus, Volvo vinnuvélar og Volvo Penta báta- og ljósavélar auk framúrskarandi þjónustu við atvinnubíla og atvinnutæki. Til að mæta sífellt vaxandi kröfum viðskiptavina um heildstæða þjónustulausn þá byggir Volvo atvinnutækjasviðið nú nýtt húsnæði á stóru athafnasvæði við Hádegismóa 8 þar sem margvísleg ný þjónusta verður í boði. Gakktu í hópinn!



MOSFELLSBÆR

## Sumarstarfsmaður á Umhverfissviði

### MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST SUMARSTARF Á UMHVERFISSVIÐI MOSFELLSBÆJAR.

Laust er til umsóknar sumarstarf á Umhverfissviði Mosfellsbæjar. Umhverfissvið annast umsýslu skipulags- og byggingarmála, rekstur og viðhald fasteigna Mosfellsbæjar og rekstur og viðhald gatnakerfis sem og veitna.

Sumarstarfsmaður sinnir skráningu, skönnun og frágangi teikninga að beiðni framkvæmdastjóra sviðsins. Viðkomandi sinnir jafnframt skjalavörslu, símsvörun og skipulagstengdum verkefnum eftir þörfum.

Um 100 % starf í tvo mánuði er að ræða. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

#### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Stúdentspróf er skilyrði
- Háskólanám í skipulagsfræðum eða námi sem nýtist á Umhverfissviði er æskilegt
- Reynsla af skráningu gagna og skönnun er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund er nauðsynleg
- Dugnaður, skipulagshæfni, frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti er skilyrði

#### Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri Umhverfissviðs í síma 525 6700. Um sumarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

#### Menntasvið

- Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara

#### Leikskólar

- Aðstoðarleikskólalastjóri í leikskólann Austurkór
- Leikskólasérkennari í leikskólann Austurkór
- Aðstoð í eldhús í leikskólanum Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Grænatún
- Deildarstjóri í leiksskólann Urðarhól
- Leikskólakennari í leiksskólann Urðarhól

#### Grunnskólar

- Starfsmaður í dægradvöl í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
- Sérkennari fyrir einhverfa í Álfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Hörðuvallaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Forstöðumaður dægradvalar í Smáraskóla
- Dönskukennari í Smáraskóla
- Umsjónarkennarar í Smáraskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Kennari á miðstig í Vatnsendaskóla
- Tónmenntakennari í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)


# STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

[www.stra.is](http://www.stra.is)



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
[stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) - [gudny@stra.is](mailto:gudny@stra.is) - [www.stra.is](http://www.stra.is)



## Bílaréttingar

Óskum eftir að ráða 6 bílasmiði /nema eða vönum mönnum við bílaréttingar. Góð laun í boði og næg verkefnastaða.

Umsóknir sendist á [bilaretting@bilaretting.is](mailto:bilaretting@bilaretting.is)



BÍLARÉTTING  
& SPRAUTUN  
SÆVARIS

Skútuvogi 12 H



FJÖLSKYLDU- OG  
HÚSDÝRAGARÐURINN

## Dýrahirðir

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal leitar eftir dýrahirði í fullt starf.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á velferð dýra innan garðsins og framfylgri lögum og reglum er varða starfsemina.
- Annast fóðrun, hirðingu og fylgist með heilsufari dýra.
- Hefur eftirlit með aðbúnaði dýra og heldur aðstöðu þeirra hreinni og þrífalegri.
- Sinnir daglegri dagskrá tengdri dýrunum og talar til gesta.
- Tekur á móti nemum, sjálfboðaliðum o.fl. og verkstýrir þeim sem koma til að vinna við dýrin.
- Sér til þess að aðstaða gesta sé þrífaleg og tryggir öryggi þeirra í umgengni við dýr garðsins.
- Tekur þátt í hugmyndavinnu og stefnumótun garðsins ásamt öðru starfsfólki.

### Hæfniskröfur

- Menntun í búfræði/ búvísindum eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.
- Reynsla af vinnu með dýrum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Líkamleg færni er nauðsynleg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu Reykjavíkurborgar [reykjavik.is/laus-storf](http://reykjavik.is/laus-storf), en umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2017.

### Nánari upplýsingar um starfið veitir

Porkell Heiðarsson í síma 411-5908 eða í netfanginu [thorkell.heidarsson@reykjavik.is](mailto:thorkell.heidarsson@reykjavik.is)



## Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

# Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Starfsstöðvar eru í þremur sveitarfélögum; Grindavík, Reykjanesbæ og Vogum. Íbúafjöldi upptökusvæðisins, sem er Reykjanesið, er um 24.000 íbúar. Velta HSS er um 3 milljarðar og starfsmenn tæplega 300 í tæplega 200 stöðugildum.

Samstarf er við háskóla og framhaldsskóla um menntun nema í heilbrigðisgreinum og vísindarannsóknunum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á að móta sýn og markmið hjúkrunar
- Fagleg forysta um hjúkrun og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða
- Yfirsýn og mótun skipulags fyrir heilsugæslu-, sjúkráhus- og hjúkrunarþjónustu á öllum starfstöðvum
- Ber einnig að efla faglega þróun allra annarra heilbrigðisstétta í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra
- Samhæfing á sviði heilsuefingar, forvarna og hjúkrunarþjónustu.
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Uppbygging og samnýting mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri.
- Efning á kennslu, endurmenntun og uppbygging sérhæfingar í hjúkrun
- Innleiðing nýjunga
- Framkvæmdastjóri hjúkrunar heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn

### Menntun og hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Viðbótar- eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Brennandi áhugi á þróun þjónustunnar
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga í ræðu og riti
- Frumkvæði, áreiðanleiki, drifkraftur, þrautseigja og árangursmiðað viðhorf.
- Reynsla af umbótaverkefnum, teymisvinnu og breytingastjórnun í heilbrigðisþjónustu er æskileg

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknnum skal skilað rafrænt á umsóknareyðublaði sem fæst á: [www.hss.is](http://www.hss.is) undir „Laus störf“.

Umsóknnum skulu fylgja ítarlegar og staðfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af stjórnun og rekstri.

Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar, skv. 36. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, metur hæfni umsækjenda.


Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar, viðtölum og umsögnum.

Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu HSS. **Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017.**

Nánari upplýsingar. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Jónsson, forstjóri, netfang: [halldor@hss.is](mailto:halldor@hss.is) eða í síma 422 0500.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er reyklaus vinnustaður. Gildi HSS: **Umhyggja – Fagmennska – Virðing**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## 365 óskar eftir góðu fólki

# MARKAÐSRÁÐGJAFI ÚTVARPSAUGGLÝSINGA

365 auglýsir eftir duglegum, jákvæðum og hugmyndaþríkum einstaklingi með reynslu af auglýsingasölu.

### Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í hópi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á íslensku viðskiptalífi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: [www.365.is](http://www.365.is) undir „laus störf“.

365 hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2017. Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskipta fyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



## MARKAÐSSTJÓRI

BESTSELLER leitar að öflugum og reyndum aðila til að halda utan um markaðsmál fyrirtækisins. Viðkomandi stýrir markaðssetningu vörumerkja, vinnur að stefnumótun og áætlanagerð í markaðsmálum og á í erlendu samstarfi.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Lágmark 5 ára reynsla af markaðsmálum
  - Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla í verkefna- og viðburðastjórnun
- Þekking og reynsla af markaðssetningu á netinu
  - Færni í samskiptum og samstarfi
  - Frumkvæði og hugmyndaauðgi

Um er að ræða spennandi vörumerki og framundan er markaðssetning á nýjum vörumerkjum. Verðslanir BESTSELLER á Íslandi í dag eru 10, staðsettar í Kringlunni og Smáralind.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk. Hægt er að sækja um á [www.bestseller.is](http://www.bestseller.is). Allar frekari upplýsingar veitir Sólrún Hjaltsted mannauðsstjóri, í síma 575 4000.

**BESTSELLER**

VERO MODA name it JACK & JONES VILA SELECTED

## Starfsmaður í þjónustuveri

Við leitum að öflugum einstaklingi í nýtt þjónstuver hjá okkur. Í þjónustuverinu eru 5 starfsmenn sem sinna ýmsum verkefnum en sérstaklega samskipti og afgreiðsla varahluta til viðskiptavina og þjónusta við þá. Vinnutími er frá kl 08:00 til 16:30 eða 9:30 til 18:00.

Um framtíðarstarf er að ræða.

### Starfssvið

- Tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulega þjónustu og afgreiðslu.
- Símsvörur og samskipti í gegnum tölvupóst.
- Afgreiðsla fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavini.
- Skráning og eftirfylgni pantana.

### Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bílum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir sendist á [atvinna@stilling.is](mailto:atvinna@stilling.is)



Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

## STÖRF HJÁ GARDABÆ

### Álftanesskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónakennari á elsta stig
- Grunnskólakennari í heimilisfræði

### Garðaskóli

- Grunnskólakennari
- Íþróttakennari

### Akrar

- Leikskólakennari

### Bæjarból

- Leikskólakennari
- Matráður

### Holtakot

- Sérkennslustjóri

### Hæðarból

- Aðstoðarmaður í eldhúsi

### Kirkjuból

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

### Sigurhæð

- Starfsmaður í sumarafleysingu

### Ægisgrund

- Starfsmaður í sumarafleysingu

### Þjónustumiðstöð

- Vélamaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).



GARÐABÆR  
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • [GARDABAER.IS](http://GARDABAER.IS)

### » Ráðningarþjónusta

## Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langfrímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

#### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

#### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### ■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



## Verkefnastjóri teiknistofu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf, með áherslu á gerð mælibleða og viðhalds teiknirunna, auk annarra verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni eru:

- Gerð og viðhald mælibleða.
- Umferðaröryggismál og slysskráning
- Umsjón og viðhalds teiknirunna og korta (Akureyrargrunnur)
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

### Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Gerð krafa um háskólamenntun í byggingartækni-, byggingariðn- eða byggingarverkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta þekking og reynsla af teikniforritum s.s. Microstation, Excel.
- Þekking á One system er kostur.
- Þekking og reynsla af mælingartækjum eins og GPS og alstöð og þeim hugbúnaði er þeim fylgir er kostur.
- Hæfni til skipulagningar, nýsköpunar og innleiðingar nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt einu Norðurlandamáli.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og samvirkusemi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# Coca-Cola

## EUROPEAN PARTNERS

## TÆKIFÆRI HJÁ COCA-COLA EUROPEAN PARTNERS

Ef þú vilt taka þátt í breytingartímum hjá Coca-Cola á Íslandi og hjálpa okkur við að byggja upp frábæran vinnustað til lengri tíma, hvetjum við þig til að slá til!

### Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu

Um er að ræða nýtt starf og frábært tækifæri fyrir öflugan og metnaðarfullan einstakling með haldgóða reynslu af stafrænni markaðssetningu sem mun hafa tækifæri til að vinna með nokkur af sterkustu vörumerkjum heims á netinu.

### Meðal verkefna

- Markaðssetning á vörumerkjum frá The Coca-Cola Company á stafrænum miðlum
- Greiningarvinna, stefnumótun, áætlanagerð og innleiðing markaðsáætlana á stafrænum miðlum
- Vinnur náð í teymisvinnu og verkefnastjórn með starfsmönnum markaðsmála hjá The Coca-Cola Company og Coca-Cola European Partners á Íslandi

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í markaðsfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun
- Minnst 3ja ára reynsla af sambærilegum verkefnum, reynslu og þekkingu á stafrænni markaðssetningu
- Þekking á samfélagsmiðlum og greiningartólum og mikill áhugi á stafrænni markaðssetningu
- Mjög góð enskukunnátta og hæfni til að setja fram efni í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Hæfni til að vinna í alþjóðlegum teymum

Allir umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur eru metnir til jafns sem hluti af okkar stefnu um fjölbreytni og jafnrétti og eru þeir metnir óháð kyni, trúarbrögðum, lítarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar [ccep.is/mannaudur/laus-storf](http://ccep.is/mannaudur/laus-storf)

### Innkaupafulltrúi

Innkaupafulltrúi hefur umsjón með innkaupum frá innlendum og erlendum birgjum á hráefnum, umbúðum, fullunnum vörum, tækjabúnaði og rekstrarvörum. Jafnframt sér viðkomandi um útflutning á framleiðsluvörum.

### Meðal verkefna

- Umsjón með pöntunum
